

ÚRSKURÐUR

Aganefnd KLÍ fundaði mánudaginn 18. desember 2017 vegna dómarskýrslu dags. 13. desember 2017, þar sem tilkynnt var um áreiti leikmanns ÍR-KLS gagnvart dómara sem fulltrúa KLÍ. Samkvæmt dómarskýrslu var leikmaður ÍR-KLS að hafa truflandi áhrif á spilara á næstu brautum með fagnaðarlátum sínum og hafi dómari bent leikmanninum á að það mætti alveg lækka róminn. Brást leikmaður illa við tilmælum dómara og bað hann um að þegja samkvæmt dómarskýrslu. Þegar leikmanni var tjáð að umræddur aðili væri dómari kvöldsins brást leikmaður við með því að kalla dómara óhæfan dómara.

Leitað var sjónarmiða leikmanns ÍR-KLS við umræddri dómarskýrslu og gekkst leikmaður við því að orðaskipti hafi farið fram á milli hans og dómara og að hafa kallað hana óhæfan dómara eftir að dómari tilkynnti leikmanni að um væri að ræða dómara kvöldsins.

Í 4. gr. a. reglugerðar KLÍ fyrir aganefnd kemur fram að veita skuli 2 refsistig fyrir áreiti gagnvart fulltrúum KLÍ.

Í ljósi þess að ekki var um formlega ákvörðun sem dómari kvöldsins tók samkvæmt reglugerð KLÍ fyrir dómara telur aganefnd brotið falla undir áreiti gagnvart fulltrúa KLÍ.

Með hliðsjón af framangreindu er það mat aganefndar að veita skuli Arnari Sæbergssyni, leikmanni ÍR-KLS, tvö refsistig.

Úrskurðarorð

Arnari Sæbergssyni veitist hér með 2 refsistig.

Gunnar Þór Ásgeirsson, formaður aganefndar
Hörður Ingi Jóhannsson
Árni Þór Finnsson